

Gjaldskrá Bókasafns Skagastrandar

Árgjald fyrir fjölskyldur (18-67 ára)	2.000 kr.
Árgjald (börn 6-18 ára, eldri borgarar, öryrkjar)	ókeypis
Árgjald fyrirtækja	2.700 kr.
Dagsektir á fullorðinsbókum	20 kr.
Dagsektir geta þó aldrei orðið meiri en nemur innkaupsverði þess sem lánað var. Ekki er aukakostnaður vegna DVD mynda.	

Útlánareglur:

- Þeir sem óska eftir að gerast lánþegar geta þurft að sýna persónuskilríki við skráningu og undirrita skráningareyðublað.
- Árgjald er skv. gjaldskrá sveitarfélagsins hverju sinni.
- Börn og unglingar innan 18 ára fá ókeypis aðgang að safninu gegn ábyrgð forráðamanns með lögheimili á Skagaströnd og í Skagabyggð.
- Eldri borgarar með lögheimili á Skagaströnd og í Skagabyggð geta fengið ókeypis aðgang við 67 ára aldur.
- Öryrkjar og atvinnulausir með lögheimili á Skagaströnd og í Skagabyggð geta fengið ókeypis aðgang gegn framvísun vottorða þar að lútandi.
- Þeir sem ekki eiga lögheimili á Skagaströnd eða í Skagabyggð þurfa að greiða tryggingargjald sem nemur tvöföldu árgjaldi.
- Bókasafnskort gildir fyrir fjölskyldur.
- Lánþegi ber ábyrgð á þeim gögnum sem tekin eru á nafn hans. Glatist eða skemmist safnefni í vörslu lánþega verður hann að greiða fyrir það. Vanskilakröfur fara í innheimtu til Motus.
- Útlánatími bóka er 30 dagar en skemmri á öðru safnefni. Dagsektir reiknast á safngögn ef farið er fram yfir útlánatíma. Dagsektir eru skv. gjaldskrá safnsins hverju sinni.
- Hægt er að panta bækur, en þó ekki nema 2 vinsælar í einu.

Söluvörur:

- Gamlar bækur: 100 kr.
- Byggðin undir Borginni 2.000 kr.

Opnunartími:

Tímabilið 1. september til 31. maí ár hvert er safnið opið:

- Mánudaga kl. 16 – 19
- Miðvikudaga kl. 15 – 17
- Fimmtudaga kl. 15 – 17

Tímabilið 1. júní til 1. ágúst ár hvert er safnið opið:

- Miðvikudaga kl. 17- 20

Bókasafnið er lokað í ágúst vegna sumarfría.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 17. apríl 2013
Sveitarstjóri*

Gjaldtökuheimildir samkvæmt bókasafnalögum

Bókasöfnum er heimilt að innheimta gjöld fyrir þjónustu sína, svo sem útlánastarfsemi, millisafnalán, afritun, fjölföldun, ljósmyndun, sérfræðilega heimildapjónustu, heimildaleit í gagnagrunnum og útlán á sérstökum safnkosti.

Hvert safn setur gjaldskrá um alla gjaldtöku að fengnu samþykki bókasafnsstjórnar eða yfirstjórnar stofnunar.

Umrædd gjöld skulu ekki vera hærri en raunkostnaður viðkomandi safns vegna þjónustunnar.

Bókasöfnum er heimilt að innheimta dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest og bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda.

Hvert safn setur sér reglur um innheimtu dagsekta og bóta að fengnu samþykki bókasafnsstjórnar eða yfirstjórnar stofnunar.

Skal í þeim kveðið á um að dagsektir sem lagðar eru á hvern lánþega vegna tiltekins safnefnis, eða bætur sem innheimtar eru vegna þess, megi mest nema innkaupsverði viðkomandi efnis.

Sjá nánar [Lög nr. 150 28. desember 2012.](#)